

Fundargerð framkvæmdastjórnar KGRP

Þriðjudaginn 11. apríl var 2023 haldinn fundur í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurþrófastsdæma. Fundurinn hófst kl. 08:00 í Fossvogi. Mætt: Egill Heiðar Gíslason formaður, Kristján Guðmundsson varaformaður, Emilia G. Svavarsdóttir meðstjórnandi, sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur og Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri. Einnig kom á fundinn Sólveig Halldórsdóttir yfirmaður reikningshalds og frá Deloitte voru Árni Þór Vilhelmsen og Ingibjörg Erla Grétarsdóttir. Formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar
 2. Uppgjör ársins 2022
 3. Ákvörðun um arðgreiðslu af hendi ÚK til KGRP vegna ársins 2022 samkvæmt samþykktri arðsemisstefnu
 4. Lykilmælikvarðar
 5. Stefnumótun
 6. Líkhúsmál
 7. Önnur mál
-
1. Lögð var fram fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt.
 2. Framkvæmdastjóri fór yfir rekstur árins 2022 ásamt Sólveigu Halldórsdóttur. Rekstur ársins gekk ágætlega og varð hagnaður af rekstrinum. Framkvæmdastjóri áréttarði þó að áskoranir væru framundan í ljósi 10% verðbólgu og hækkan kjarasamninga, en um 70% af rekstrarkostnaði kirkjugarðanna eru laun. Á sama tíma standa tekjur kirkjugarða staðið í stað. Framkvæmdastjóri upplýsti jafnframt að gert væri ráð fyrir 8 færri stöðugildum í sumarafleysingar en a á síðasta ári. Ljóst er að rekstur næstu ára verður í járnum að öllu óbreyttu. Árni Þór frá Deloitte fór yfir uppgjörið og endurskoðunarskýrslu. Umræður voru um reikninginn og uppgjörið.
 3. Ákvörðun um greiðslu arðs vegna rekstrarársins 2022. Allt hlutafé í Útfararstofu kirkjugarðanna ehf. (ÚK) eru í eigu KGRP og fer framkvæmdastjórn KGRP þar af leiðandi með öll atkvæði í félagini. Eftirfarandi bókun er gerð:

Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu 2022. Stjórn Útfararstofu Kirkjugarðannna samþykkir að greiddur verði út arður vegna reikningsársins 2022 sem nemur kr 16.167.111. Sem er 50% af hagnaði ársins. Viðmiðunardagsetning arðgreiðslu verði eigi síðar en 15. júní 2023.

Samkvæmt arðgreiðslustefnu Útfararstofu kirkjugarðanna ehf. er stefnt að arðgreiðsluhlfalli í kringum 30% - 50% af hagnaði til eiganda. Eiginfjárhlfall fyrirtækisins verður 48% að teknu tilliti til fyrirhugaðrar arðgreiðslu að fjárhæð kr. 16.167.111 sem er 50% af hagnaði ársins. Veltufjárhlfall er vel yfir viðmiðum arðgreiðslustefnu. Fjárhæðin er því vel í takti við arðgreiðslustefnu fyrirtækisins og yfir arðgreiðsluskilyrðum fyrirtækisins.

4. Farið var yfir lykilmælikvarða rekstrar. Verið er að þróa lykilmælikvarða sem farið verður yfir á stjórnarfundum framkvæmdastjórnar. Stjórn lýsti ánægju sinni með að fá mælikvarða inn á fundinn.
5. Framkvæmdastjóri fór yfir stefnumótun og næstu skref vinnunnar. Umræður
6. Framkvæmdastjóri fór yfir líkhúsmál en ljóst er að taka þarf ákvörðun um hvort halda eigi áfram starfseminni í óbreyttri mynd.
7. Ekkert var ákveðið eða tekið fyrir sérstaklega undir liðnum önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 9:30.

þjónustuleiðsgjólaðom
Kínjan hildunum.
Emilia Guðrún Svavar Óttir
Ingvor Nefáim